

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Menningarsjóð Sparisjóðs Vestur-Húnavatnssýslu, Hvammstanga.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Menningarsjóður Sparisjóðs Vestur-Húnavatnssýslu.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 500.000,00 – fimm hundruð þúsund krónur.

3. gr.

Markmið sjóðsins er að styrkja hvers konar menningarstarfsemi á aðalviðskiptasvæði Sparisjóðs Vestur-Húnavatnssýslu.

4. gr.

Með stjórn sjóðsins fara sömu menn og sitja í stjórn sparisjóðsins.

5. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Arsreikningur sjóðsins skal endurskoðaður af skoðunarmönnum sparisjóðsins og birtur með ársreikningi hans.

6. gr.

Tekjur sjóðsins eru framlög frá Sparisjóði Vestur-Húnavatnssýslu, sem stjórn sparisjóðsins ákveður hverju sinni, önnur framlög sem berast kunna sjóðnum og vaxtatekjur.

7. gr.

Stjórnin ráðstafar fé sjóðsins og ákveður úthlutun eftir eigin frumkvæði eða samkvæmt umsóknum. Stofnfé sjóðsins má ekki skerða.

8. gr.

Eingöngu aðalfundur Sparisjóðs Vestur-Húnavatnssýslu getur tekið ákvörðun um breytingar á skipulagsskrá þessari eða lagt sjóðinn niður. Verði sjóðurinn lagður niður ráðstafar aðalfundurinn eignum hans.

Þannig samþykkt á aðalfundi Sparisjóðs Vestur-Húnavatnssýslu 30. apríl 1993.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 10. mars 1994.

F. h. r.

Jón Thors.

Margrét Hauksdóttir.